

**Nd. 1001. Frumvarp til laga [327. mál]**

um breytingar á lögum vegna umbóta á opinberum byggingum í þágu fatlaðra.

(Eftir 2. umr. í Nd., 20. maí.)

**1. gr.**

Á eftir 42. grein laga nr. 57/1978 um heilbrigðisþjónustu komi ný 43. grein svohljóðandi:

Kostnaður við að gera byggingar heilbrigðisstofnana aðgengilegar fötluðu fólki greiðist af ríki og sveitarfélögum í sömu hlutföllum og stofnkostnaður samkvæmt lögum þessum.

43. grein laganna verði 44. grein.

**2. gr.**

Við 23. grein laga nr. 63/1974 um grunnskóla bætist ný málsgrein svohljóðandi: Endurbætur, sem gerðar eru á húsnæði grunnskóla til þess að auðvelda fötluðu fólki aðkomu og umferð, greiðist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður.

**3. gr.**

Við 6. grein laga nr. 112/1976 um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Kostnaður vegna breytinga á dagvistarheimilum með það fyrir augum að auðvelda fötluðum aðkomu og umferð greiðist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður.

**4. gr.**

Við 3. grein laga nr. 107/1970 um félagsheimili bætist ný málsgrein svohljóðandi: Nú ákveða eigendur félagsheimilis að breyta því með það fyrir augum að auðvelda fötluðum aðkomu og umferð og er þá heimilt að verja fé úr Félagsheimilasjóði til greiðslu allt að 40% heildarkostnaðar, sem af þessari breytingu hlýst.

**5. gr.**

Við 6. grein íþróttalaga nr. 49/1956 bætist ný málsgrein svohljóðandi: Heimilt er að veita úr íþróttasjóði styrk til breytinga á íþróttahúsnæði, sem miða að því að bæta fötluðum aðgang og umferð um það. Styrkurinn má nema allt að 40% af kostnaði við breytinguna.

**6. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.